

Umboð þetta veitir Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, þ.m.t Ergo fjármögnunarþjónusta, kt. 490503-3230, fullt og ótakmarkað umboð til þess að sækja upplýsingar um stöðu allra innlána, útlána og annarra fjárskuldbindinga við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, líbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið tekur einnig til öflunar upplýsinga um ógreidda reikninga úr innheimtakerfi Reiknistofu bankanna (Kröfupotti). Þá tekur umboðið jafnframt til öflunar upplýsinga um skuldir við innheimtumenn ríkissjóðs, sveitarfélög og aðra opinbera innheimtuaðila, þ.m.t. upplýsingar um greiðslur meðlaga (þ.e. mánaðarlega greiðslubyrði, samkomulög, greiðslustöðu og hvort um vanskil sé að ræða.

Umboðsveitandi veitir jafnframt Creditinfo Lánstrausti hf., kt. 710197-2109, sömu heimild til að sækja allar upplýsingar sem umboð þetta tekur til, þ.m.t. frá ríkisskattstjóra, þar sem Creditinfo sér um vinnslu* greiðslumats fyrir hönd Íslandsbanka hf.

Umboðið nær til öflunar upplýsinga um umboðsveitanda frá ríkisskattstjóra. Umboðið heimilar Íslandsbanka hf. að fá upplýsingar um launatekjur úr staðgreiðsluskrá allt að 12 mánuðum aftur í tímann frá því óskað er eftir þeim samkvæmt umboði þessu, skattframtali síðasta árs auk heimildar til þess að afla upplýsinga um niðurstöðu álagningar síðasta árs. Heimild til öflunar upplýsinga frá ríkisskattstjóra gildir í 180 daga frá dagsetningu umboðs. Upplýsingarnar eru notaðar við vinnslu á lánshæfis- og/ eða greiðslumati umboðsveitanda.

Umboðið veitir jafnframt heimild til þess að sækja upplýsingar um lánshæfismat* (áhættumat) til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/ eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats. Umboðið veitir Íslandsbanka hf. einnig heimild til að sækja upplýsingar í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.* frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur að skuldastöðukerfinu. Umboð þetta nær jafnframt til sjálfvirkrar vöktunar Íslandsbanka hf. á lánshæfismati og hvort breytingar hafi orðið á skráningu á vanskilaskrá Creditinfo. Vöktunina má viðhafa í gegnum Viðskiptamannavakt Creditinfo.

Jafnframt veitir umboðið Íslandsbanka hf. heimild til að sækja (á grundvelli kennitölu ef með þarf) upplýsingar um eignastöðu, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, sem miðlað er af Creditinfo Lánstraust hf. og sóttar í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna.

Undirritaður, umboðsveitandi, samþykkir að allar framangreindar upplýsingar verði sóttar og notaðar við ákvörðunartöku í tengslum við lánsviðskipti, eftirlit í tengslum við slík viðskipti, boð um tiltekin kjör og ný viðskipti, enda tengist notkunin þá lögvörðum hagsmunum Íslandsbanka hf. Umboðsveitandi samþykkir jafnframt að Íslandsbanki miðli forsendum og niðurstöðum lánshæfis- og greiðslumats til annarra umsækjenda í sameiginlegu greiðslumati. Nánari upplýsingar um meðferð, varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka má finna hér: www.islandsbanki.is/personuvernd.

Umboð þetta, nema hvað varðar upplýsingar sem sóttar eru til ríkisskattstjóra, er í gildi á meðan Íslandsbanki hf. hefur lögvarða hagsmuni af notkun framangreindra upplýsinga. Íslandsbanka hf. er heimilt á hverjum tíma að sækja upplýsingar um gildandi lánshæfismat, sem og uppfærslu annarra upplýsinga sem umboðið nær til, á meðan umboð þetta er í gildi, svo sem vegna nýrrar viðskiptabeiðni, beiðni um breytingar á fyrri viðskiptasamningum og eftirlits með lánasafni. Afturköllun umboðs þessa skal taka gildi 30 dögum eftir að Íslandsbanki hf. hefur sannanlega móttakið afturköllun umboðsveitanda og/ eða þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Þrátt fyrir afturköllun umboðsins er Íslandsbanka hf. þó áfram heimilt að afla allra framangreindra gagna að því leyti sem nauðsynlegt er vegna þeirra skuldbindinga sem stofnað hefur verið til við Íslandsbanka hf. og eru í gildi þegar afturköllun er tilkynnt.

*Nánari upplýsingar um meðferð, varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga, lánshæfismat og Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstraust hf. ásamt notkunarreglum, má finna á www.creditinfo.is.

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Nafn:

Kt:

Nafn:

Kt:

Undirritun (Nafn og kennitala)

Undirritun (Nafn og kennitala)

Vottar að undirritun:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Móttakið f.h. Íslandsbanka hf. / Ergo:

Undirskrift



EY-5344 - 15052020